

**Brjef stjórnarráðsins til póstmeistarans í Reykjavík um stofnun nýrra pósta-
afgreiðslna.****1**

6. jan.

Samkvæmt tillögum yðar, herra póstmeistari, hefir stjórnarráðið ákveðið að stofna póstaafgreiðslur á Hofsóss og Reyðarfirði.

Þetta er yður hjermeð til vitundar gefið til leiðbeiningar og frekari ráðstafana, að því viðbættu, að stjórnarráðið hefir auglýst póstaafgreiðslumannasýslanirnar á nefndum stöðum lausar.

**Brjef stjórnarráðsins til sýslumannsins í Gullbringu- og Kjósarsýslu um end-
urgreiðslu á meðlagi með óskilgetnu barni.****2**

8. febr.

Hreppsnefndin í Gerðahreppi hefir áfrýjað til stjórnarráðsins úrskurði sýslumannsins í Árnessýslu, dags. 29. júlí f. á., sem fríar Gaulverjabæjarhrepp við að endurgreiða 10 kr. af útlögðu 40 kr. meðlagi með óskilgetnu barni Steinunnar Jónsdóttur og Ingimundar Sæmundssonar, Kristjönu að nafni.

Útaf þessu skal yður, herra sýslumaður, hjermeð tjáð til leiðbeiningar og birtingar fyrir hreppsnefnd Gerðahrepps, að stjórnarráðið telur framangreindan úrskurð sýslumanns rjettan, og skal hann því óhaggaður standa.

Útdráttur úr úrskurði sýslumanns.

Af meðlagi því með barninu Kristjönu, að upphæð 40 kr., er í gjalddaga kom 4. ágúst f. á., samkvæmt meðlagsúrskurði sýslumannsins í Norður-Múlasýslu 15. sept. 1906, hefir framfærslusveit barnsföður, Gaulverjabæjarhreppur, greitt 30 kr., en neitar að greiða þær 10 kr., er eftir standa, af þeirri ástæðu, að barnið hafi verið orðið fullra 10 ára í byrjun umrædds meðlagsárs, en meðalmeðgjöf í Gullbringusýslu með óskilgetnum börnum á þeim aldri sje 30 kr., og verði framfærslusveitin því eigi krafín um hærra meðlag samkvæmt ákvæðum 9. gr. fátækralaganna. Gegn þessu heldur hreppsnefnd Gerðahrepps því fram, að enda þótt barnsmóðir eigi ekki heimtingu á, að dvalarsveitin greiði fyrir barnsföður gegn endurgjaldi frá framfærslusveit hans meira en meðalmeðgjöf í sveit þeirri, sem barnið dvelur í, þá sje dvalarsveitinni þó heimilt að greiða barnsmóður fult úrskurðað meðlag, þótt það fari fram úr meðalmeðgjöf, og eigi heimtingu á að fá það síðan endurgreitt að fullu af sveit föður. Ber nefndin fram þá ástæðu fyrir þeirri skoðun sinni, að áminst ákvæði 9. greinar fátækralaganna leysi eigi barnsföður undan því, að greiða með óskilgetnu barni sínu úrskurðaða meðlagsupphæð að fullu, og af því leiði aftur, að framfærslusveit hans sje skylt að greiða hana fyrir hann, ef hann getur eigi greitt hana sjálfur, svo framarlega sem full úrskurðuð meðlagsupphæð hefir í raun og veru verið greidd með barninu. En á þetta verður eigi fallist. Þótt barnsföður sje sjálfum skylt að greiða fult úrskurðað meðlag án tillits til þess, þótt það fari fram úr meðalmeðgjöf í þeirri sveit,

- 2** sem barnið dvelur í, þá eru einmitt með umræddu ákvæði 9. greinar sett ákveðin
 8. febr. takmörk fyrir því, hve mikið framfærslusveit barnsföður sje skylt að greiða fyrir hann með barninu. Á Gaulverjabæjarhreppur því að vera laus við að greiða þær 10 króna meðlagseftirstöðvar, sem hjer greinir á um.

Því úrskurðast:

Gaulverjabæjarhreppur á að vera laus við að greiða Gerðahreppi hinar umþrættu meðlagseftirstöðvar, 10 kr.

3
 3. jan.

Reglugjörð

um skilyrði fyrir tillögum úr landssjóði til akfærra sýsluvega.

1. gr.

Umsóknir um tillög úr landssjóði til akfærra sýsluvega skulu oddvitar sýslunefnda senda stjórnarráðinu eigi síðar en fyrir lok aprílmánaðar ár hvert. Í umsókninni skal tilgreina hve mikið fje sje fyrir hendi, til sýsluvegar þess er um ræðir, annarsstaðar frá. Þar skal og gera grein fyrir því, hvaða samgöngubörf veginum er ætlað að bæta úr, og hvort hann stendur í sambandi við kaup-tún eða við aðra lagða eða fyrirhugaða akvegi.

Nú er sótt um tillag úr landssjóði til sýsluvegar, sem er lengri en svo, eða ætla má að verði dýrari en svo, að framlög þau, sem fyrir hendi eru, að viðbættu tillagi landssjóðs, nægi til þess að fullgera veginn, og heimtar stjórnarráðið þá, ef því þykir ástæða til, yfirlýsingu sýslunefndar um það, að hún ábyrgist, að lagt verði fram innan hæfilegs frests úr sýslusjóði eða annarsstaðar frá það, er þarf móts við tillag landssjóðs til þess að fullgera veginn.

2. gr.

Þegar tillag hefir verið greitt úr landssjóði til sýsluvegar samkvæmt umsókn frá oddvita sýslunefndar, ber hlutaðeigandi sýslusjóður ábyrgð á því gagnvart landstjórninni, að fullnægt verði skilyrðum þeim um framlag annarsstaðar frá, sem stjórnarráðið hefir sett eða ákveðin verða í fjárlögum.

3. gr.

Landsverkfræðingur sá, er stjórnar vegagerðum landssjóðs, hefir ákvörðunarvald um legu og gerð sýsluvega þeirra, sem njóta tillags úr landssjóði. Þegar því verður við komið, skal vegstæði ákveðið fyrirfram af landsverkfræðingnum eða þeim, sem hann skipar til þess, að viðstöddum kunnugum manni eða mönn-